

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Sauðárkrókskaupstað nr. 162/1959, svo og breyting við þá reglugerð nr. 72/1969.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

31. janúar 1974.

Nr. 37.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Selfoss

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Til almennrar notkunar um vatnsmæli:
 - a. Vatnsgjald 12.50 kr./m³
 - b. Fastagjald af rúmmáli því er hita skal, er þá miðað við utanmál húsnæðis 1.30 kr./m³ á mán.
2. Til notkunar í húsnæði sem hefur litla upphitunarþörf miðað við rúmmál, enn fremur kranavatn í húsnæði sem hefur aðra hitun, um vatnsmæli:

Vatnsgjald 18.00 kr./m³
3. Vatnsgjald, kr. 5 400.00 á ári fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 mínútulítri fyrir hverja 100 m³ húsnæðis. Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " 200.00 kr./mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" 340.00 kr./mán.
3. Fyrir hemla 220.00 kr./mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³ kr. 36.480.00.

400 til 2000 — kr. 36 480.00 — af 400 m³ + 28.80 á m³ þar yfir að 2000 m³.

2000 m³ á kr. 82 560.00 + 25.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 6 000.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 400.00.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 68 26. febrúar 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir.

1. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á kr. 16.90 hverja kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á kr. 8.50 hverja kWst. auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólfleti.
 - a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 4.20 á m² á mánuði.
 - b. Fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 2.10 á m² á mánuði.

2. Heimilisnotkun.

- 2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 4.25 hverja kWst., enda sé suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárlíðum 1.1. eða 1.2.
- 2.2. Um kWst.-mæli á kr. 3.40 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemur kr. 2.10 af m² á mánuði af gólfleti íbúðar. Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

3. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á kr. 8.30 hverja kWst.
- 3.2. Stórnotkun um mestaafismæla þannig reiknað:
Aflgjald kr. 4 375.00 á kW á ári.
Orkugjald kr. 1.50 hverja kWst. af allri notkun.
- 3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandi skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári, má selja orku um kWst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun	kr. 4 25 á kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun	— 2.75 á kWst.
Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun	— 2.60 á kWst.